




Sveitarstjórnar- kosningar 16. maí 2026

Kosning utan kjörfundar
17. apríl til 16. maí 2026



Búðu þig undir að kjósa í sveitarstjórnar-kosningum!

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um sveitarstjórnar-kosningar.

Með því að kjósa veljum við hverjir stjórna samfélaginu.

Með því að kjósa hefur þú áhrif á samfélagið.

Í þessum bæklingi er sagt frá því:

- hvað sveitarstjórnar-kosningar eru
- hvernig þú kýst
- hvaða aðstoð þú getur fengið.

Hvað eru sveitarstjórnar-kosningar?

Sveitarstjórn er það sama og borgarstjórn og bæjarstjórn.

Sveitarstjórn ákveður hvernig hlutirnir eiga að vera í sveitarfélaginu.

Stærstu sveitarfélögin á Íslandi eru:

- Reykjavík
- Kópavogur
- Hafnarfjörður
- Reykjanes-bær
- Garðabær
- Akureyri

Sveitarstjórn sér til dæmis um:

- grunnskóla
- leikskóla
- íþróttir
- ferðapjónustu
- félagspjónustu
- rusl
- götur.

Með því að kjósa hefur þú áhrif á samfélagið

Hver sveitarstjórn vinnur í 4 ár.

Svo er kosið aftur í sveitarstjórn.

Fólkið í sveitarstjórn er kallað fulltrúar.

Sumir fulltrúar halda áfram.

Aðrir fulltrúar hætta.

Sumir fulltrúar eru nýir.

Upplýsingar um kosningar

Þú færð upplýsingar á www.kosning.is

Þú getur líka farið á www.audlesid.is

Á audlesid.is eru til dæmis:

- þessi bæklingur
- myndbönd um kosningar
- hlekkir á mikilvægar síður.

Mismunandi kosningar

Kosningar eru ekki eins í öllum sveitarfélögum.

Í listakosningum setur þú X við lista af fólki.

Í óbundnum kosningum skrifar þú nöfn á fólki.

Í sumum sveitarfélögum bjóða fáir sig fram.

Þá er sjálfkjörið í sveitarfélaginu.

Þá eru **engar** kosningar í sveitarfélaginu.

Í þessum sveitarfélögum eru listakosningar:

Akranes	Hrunamanna·hreppur
Akureyri	Húnabyggð
Árborg	Húnaþing vestra
Árnes·hreppur	Hvalfjarðar·sveit
Bláskóga·byggð	Hveragerði
Bolungarvík	Ísafjörður
Borgarbyggð/Skorradalur	Kópavogur
Dalvíkur·byggð	Mosfells·bær
Eyjafjarðar·sveit	Múlaþing
Fjallabyggð	Mýrdals·hreppur
Fjarðabyggð	Norðurþing
Flóahreppur	Rangár·þing eystra
Garðabær	Rangár·þing ytra
Grindavík	Reykhóla·hreppur
Grímsnes- og Grafningshreppur	Reykjanes·bær
Grundarfjörður	Reykjavík
Hafnarfjörður	Seltjarnar·nes
Hornafjörður	Skaftár·hreppur
Hörgár·sveit	Skagafjörður

Skagaströnd

Skeiða- og Gnúpverja·hreppur

Strandabyggð

Stykkishólmur

Suðurnesja·bær

Svalbarðsstrandar·hreppur

Vestmanna·eyjar

Vesturbyggð

Vogar

Þingeyjar·sveit

Ölfus

Í þessum sveitarfélögum eru óbundnar kosningar:

Ásahreppur

Dalabyggð

Eyja- og Miklaholts·hreppur

Fljótsdals·hreppur

Grýtubakka·hreppur

Kaldrananes·hreppur

Langanes·byggð


Í þessum sveitarfélögum eru engar kosningar:

Kjósarhreppur

Snæfells·bær

Tjörnes·hreppur

Vopnafjarðar·hreppur



Aðstoð við að kjósa

Þú getur fengið aðstoð við að kjósa.

Til dæmis aðstoð við að:

- finna hvað þú kýst
- komast í kjörklefann
- merkja við það sem þú vilt kjósa
- setja kjörseðilinn í kjörkassann.

Þú getur beðið kjörstjórn um að aðstoða þig.

Þú mátt líka hafa með þér aðstoðar·manneskju.

Til dæmis:

- ættingja
- vin.

Aðstoðar·manneskjan má **ekki**:

- vera sjálf í framboði
- vera mjög skyld frambjóðanda
- segja neinum hvernig þú kaust.

Kosningaleynd

Þú ræður hvaða fólk þú kýst.

Þú ræður hvaða lista þú kýst.

Kosningaleynd þýðir:

- Þú þarft **ekki** að segja neinum hvernig þú kaust.

Hverjir mega kjósa?

Til að kjósa þarft þú að vera 18 ára eða eldri á kjördag.
Kjördagur er 16. maí 2026.

Það eru líka fleiri skilyrði.

Ert þú íslenskur ríkisborgari?

Þá þarft þú að hafa lögheimili á Íslandi.

Ert þú norrænn ríkisborgari?

Þá þarft þú að vera með lögheimili í sveitarfélaginu.

Norrænir ríkisborgarar eru fólk frá:

- Danmörku
- Finnlandi
- Noregi
- Svíþjóð.

Ert þú erlendur ríkisborgari?

Þá þarft þú að hafa átt lögheimili á Íslandi í minnst 3 ár fyrir kjördag.

Hvar kýs ég?

Þú kýst í þínu sveitarfélagi.

Þú sérð þinn kjörstað á:

www.skra.is

Hér er minnisblað:

Kjörstaðurinn minn heitir:

Kjördeildin mín er númer:

Kjörseðill – dæmi

Hér setur þú X til að kjósa listann.

Hér er stafurinn fyrir listann.

Sveitarstjórnarkosningar, 29. febrúar 2027		
Bestibær		
<input type="checkbox"/> A	<input type="checkbox"/> E	<input type="checkbox"/> K
Listi A flokks	Listi E flokks	Listi K flokks
Njáll Þorgeirsson	Hallgerður langbrók Höskuldsdóttir	Bergþóra Skarphéðinsdóttir
Ásdís Þorbjarnardóttir	Skarphéðinn Njálsson	Ólafur pá Höskuldsson
Guðrún Ósvífursdóttir	Auður Vésteinsdóttir	Ásdís Skalla Grímsdóttir
Gunnar Hámundarson	Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson	Hrafnkell Freysgoði Þorsteinsson
Unnur djúpúðga Ketilsdóttir	Hildigunnur Starkaðardóttir	Pórdís Kveld Úlfisdóttir
Egill Skalla-Grímsson	Grettir Ásmundarson	Pórður kakali Sighvatsson
Melkorka Mýrkjartansdóttir	Pórdís Þorgrímsdóttir	Steinunn Refsdóttir
Gísli Súrsson	Kjartan Ólafsson	Harður Grímkelsson
Helga Bárðardóttir	Þorgerður Egilsdóttir	Bera Egilsdóttir
Flóki Vilgerðarson	Bárður Snæfellsás	Bolli Þorleiksson

Hér er listinn yfir fólkið.

Óbundinn kjörseðill – dæmi

Hér skrifar þú nöfn og heimilisföng aðalmanna.

Sveitarstjórnarkosningar, 1. maí 2028

Hreppahreppur

Aðalmenn

Gretti Ásmundarson, Lyngtún 14, Hafnvík

Pórdís Þorgrímsdóttir, Móaaholt 7, Árdalur

Kjartan Ólafason, Selbrækka 22, Norðurbær

Þorgerður Egilsdóttir, Furulundur 5, Sandvík

Bárdur Snæfellsás, Kambavegur 18

Varamenn

1. Hallgerður Langbrók Höskuldsdóttir, Litla-Hraunás, Dalsheiði

2. Skarphéðinn Njálsson, Stækjarkholt, Vatnsdalur

3. Auður Vesteinsdóttir, Hólshús, Vatnasveit

4. Skalla-Grímur Kveld-Úlfsson, Brekkukot, Skarðsfjörður

5. Hildigunnur Starkaðardóttir, Syðri-Tjörn, Fljótahlíð

Hér skrifar þú nöfn og heimilisföng varamanna.

Að kjósa á kjördag

Kjördagur er 16. maí 2026.

Á kjördag getur þú kosið á kjörstað.

Á kjördag eru kjörstaðir oftast opnir frá klukkan **9** um morgun til klukkan **10** um kvöld.

Þú sérð þinn kjörstað á:

www.skra.is

Mundu að taka með þér skilríki!

Skilríki eru til dæmis:

- nafnskírteini
- vegabréf
- ökuskírteini.

Svona kýst þú á kjördag:

1 Finndu kjördeildina þína

Á kjörstað getur þú fengið aðstoð við að finna þína kjördeild.

2 Sýndu skilríki

Á kjördeildinni sýnir þú kjörnefndinni skilríkin þín. Kjörstjórn finnur nafnið þitt í kjörskrá. Svo lætur kjörstjórnin þig fá kjörseðil.

3

Farðu í kjörklefa

Dragðu tjaldið fyrir.

Á kjörseðlinum eru listar merktir með bókstöfum.

Settu **X** við bókstafinn hjá listanum sem þú ætlar að kjósa.

Þú mátt **ekki** skrifa neitt annað á kjörseðilinn.

Brjóttu kjörseðilinn saman.

Það má **enginn** sjá hvað þú kýst.

Eru óbundnar kosningar í þínu sveitarfélagi?

Þá setur þú **ekki** X við lista.

Í staðinn skrifar þú nöfn og heimilisföng.

Þú mátt hafa með þér minnismiða.

Á minnismiðann getur þú skrifað nöfnin og heimilisföngin hjá fólkinu sem þú ætlar að kjósa.

4

Kjörkassi

Fyrir utan kjörklefann er kassi fyrir kjörseðla.

Settu kjörseðilinn þinn í kassann.

Þá hefur þú kosið í sveitarstjórnar-kosningunum 2026!

Að kjósa fyrir kjördag

Frá 17. apríl 2026 getur þú kosið utan kjörfundar.

Mundu að taka með þér skilríki!

Skilríki eru til dæmis:

- nafnskírteini
- vegabréf
- ökuskírteini.

Ert þú á Íslandi?

Þá getur þú kosið hjá sýslumanni.

Þú getur séð hvar sýslumenn eru á:

www.syslumenn.is

Sum sveitarfélög eru með kosningar utan kjörfundar.

Þú getur séð hvar þú getur kosið utan kjörfundar á:

www.island.is/s/syslumenn/kosning-utan-kjoerfundar

Ert þú í útlöndum?

Þá getur þú kosið:

- í sendiráði
- hjá ræðismanni.

Listi yfir sendiráð og ræðismenn er á:

www.stjornarradid.is/sendiskrifstofur

Á sumum stofnunum er hægt að kjósa fyrir kjördag

Til dæmis á:

- dvalarheimilum fyrir gamalt fólk
- stofnunum fyrir fatlað fólk
- sjúkrahúsum.

Bara fólk á þessum stofnunum má kjósa á stofnuninni.

Er hægt að kjósa á þinni stofnun?

Þá lætur starfsfólkið þig vita.

Fólk sem kemst ekki á kjörstað má stundum kjósa heima hjá sér

Til dæmis fólk sem er:

- fatlað
- veikt
- að eignast barn.

Kemst þú **ekki** á kjörstað?

Vilt þú kjósa heima hjá þér?

Þá sækir þú um að kjósa heima.

Þú finnur eyðublað fyrir umsóknina hér:

www.island.is/greida-atkvaedi-i-heimahusi

Þú sendir eyðublaðið til sýslumanns.

Sýslumaður þarf að fá eyðublaðið í síðasta lagi:

fyrir klukkan 10 fyrir hádegi 14. maí 2026.

Svona kýst þú fyrir kjördag

1

Sýndu skilríki

Kjörstjóri lætur þig fá:

- kjörseðil
- umslag fyrir kjörseðil
- fylgibréf með kjörseðli
- umslag til að senda kjörseðilinn og fylgibréfið í pósti.

2

Opnaðu kjörseðilinn

Kjörseðillinn er auður.

Þú stimplar bókstafinn fyrir listann sem þú vilt kjósa.

Settu kjörseðilinn svo í umslag.

Eru óbundnar kosningar í þínu sveitarfélagi?

Þá skrifar þú ekki bókstaf fyrir lista.

Í staðinn skrifar þú nöfn og heimilisföng.

Settu kjörseðilinn svo í umslag.

Þú mátt hafa með þér minnismiða.

Á minnismiðann getur þú skrifað nöfnin og heimilisföngin

hjá fólkinu sem þú ætlar að kjósa.

3

Fylltu út fylgibréfið

Á fylgibréfið skrifar þú:

- upplýsingar um þig
- hvert kjörseðilinn á að fara.

Kjörstjóri getur aðstoðað þig með fylgibréfið.
Svo skrifar þú undir fylgibréfið.
Kjörstjóri skrifar líka undir fylgibréfið.
Settu umslagið með kjörseðlinum og fylgibréfið í hitt umslagið.

4

Að koma atkvæðinu á réttan stað

Nú eru 2 möguleikar.

1. Ert þú að kjósa á svæðinu þar sem þú býrð?

Til dæmis:

- Þú býrð í Borgarnesi.
Þú kýst hjá sýslumanninum í Borgarnesi.
- Þú kýst í þínu sveitarfélagi.

Þá setur þú umslagið í kjörkassa.

Þá hefur þú kosið í sveitarstjórnar-kosningunum 2026!

2. Ert þú að kjósa annars staðar?

Til dæmis:

- Þú býrð í Borgarnesi.
Þú kýst hjá sýslumanninum á Akureyri.
- Þú kýst í útlöndum.

Þá sendir þú umslagið í pósti.

Umslagið á að fara í sveitarfélagið þitt.

Heimilisföng sveitarfélaga eru á:

www.samband.is/nanar-um-sveitarfelogin

Þú getur líka beðið kjörstjóra um að senda umslagið fyrir þig.

Þá hefur þú kosið í sveitarstjórnar-kosningunum 2026!

Kjóstu í sveitarstjórnar·kosningum 2026

Í sveitarstjórnar·kosningum veljum við fólkið sem stjórnar samfélaginu.

Með því að kjósa hefur þú áhrif á samfélagið!

Í þessum bæklingi eru upplýsingar um kosningar á auðlesnu máli.

Í þessum bæklingi er sagt frá því:

- hvað sveitarstjórnar·kosningar eru
- hvernig þú kýst
- hvaða aðstoð þú getur fengið.

Þú getur lesið meira um kosningarnar á www.kosning.is

Athugaðu að kosningar.is er ekki á auðlesnu máli.

Það eru líka upplýsingar á www.audlesid.is

Þessi bæklingur var búinn til af Miðstöð um auðlesið mál.

Miðstöðin er rekin af Fjölmennt með styrk frá Félags- og vinnumarkaðs·ráðuneytinu.

Meiri upplýsingar um auðlesið mál eru á www.audlesid.is

Hönnun og umbrot: Eysteinn Þórðarson
www.eysteinn.studio

2026

